

ISAL í Straumsvík

Ytri neyðaráætlun málmvinnsla



Rio Tinto Alcan á Íslandi.

Inngangur

Neyðaráætlun þessi er áætlun um aðgerðir utan athafnasvæðis ISAL ef stórslys ber að höndum sem ógnar utanaðkomandi aðilum, nágrönnum eða íbúum Hafnarfjarðar. .

Rekstraraðili

Rio Tinto Alcan á Íslandi
222 Straumsvík, Hafnarfirði
Sími: 560 7000
Netfang: isal@riotinto.com

Aðgerðarstjóri

Í stórslysum er vakthafandi slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins ásamt lögreglu aðgerðarstjórar í neyð. Þeir hafa yfirumsjón með ráðstöfunum innan sem utan ISAL til að koma í veg fyrir frekara tjón eða skaða á umhverfi í samræmi við innri neyðaráætlun ISAL

Efni sem meðhöndluð eru hjá ISAL

Hvað getur gerst?

Kragasalli	Eldhætta
Krýólít	Sprengihætta
LPG gas	Eldhætta/sprengihætta
Svartolía	Eldhætta
Diesel olía	Eldhætta
Þjöllusalli	Eldhætta

Leki

Getur valdið mengun á sjó og landi með neikvæðum áhrifum á lífríkið sem og hættu á íkveikju.. Lekaþrær, olíugirðingar og olíuupptökutæki eru ætlaðar til að lágmarka skaða.

Bruni

Við mikinn bruna getur myndast reykur sem veldur m.a. öndunarerfiðleikum og öðrum óþægindum og erfiðleikum ef hann kemst í öndunarveg. Slökkvikerfi, fyrstu viðbragða slökkvilið, lekaþrær og laus froðuslökkvibúnaður er til staðar og tiltækur til að slökkva mögulegan bruna.

Sprenging

Sprenging í krýólíti er nánast ómöguleg vegna lögunar og kornastærðar efnisins á athafnasvæðinu í Straumsvík. Engar afleiðingar eru mögulegar í ytra umhverfi.

Tilkynning

Ef hættuástand er það tilkynnt til:

- Neyðarlínu í 112, skv neyðaráætlun ISAL.
- Gasfélagsins í síma:
- Hafnarstjórn Hafnarfjarðar í síma
- með sírenuflauti á athafnasvæðinu.

Hætta á ferðum

Þegar hættuástandi er lýst yfir:

1. Öryggisgæsla ISAL hefur samband við Gasfélagið og Hafnarfjarðarhöfn
2. Metur hvort loka skuli hurðum og gluggum eða hafnarsvæðið yfirgefið
3. Slökkva á loftræsingum ef fólk er áfram í byggingunni
4. Umferðarstjórn Reykjanesbrautar í höndum lögreglu

Í eldsvoða

Reykurinn er ertandi og illa lyktandi og veldur sviða í augum og nefi. Hann getur einnig ert háls og valdið hósta. Nágrannar hjá Gasfélaginu og vegfarendur um Reykjanesbraut þurfa að haga ferðum sínum og viðverum eftir því hvernig reykurinn berst um nágrennið. Samskipti við Gasfélagið og lögreglu þarf að taka mið að vindátt og því hvernig reykurinn berst um.

Halda þarf öllum í fjarlægð frá reyk og koma þannig í veg fyrir heilsutjón.

Fyrirmæli

Fylgist með fyrirmælum slökkviliðs og lögreglu

Samhæfing

Neyðarvarnastjórn ISAL sér um samskipti, samráð og samræmingu aðgerða í fullu samstarfi við SHS og lögreglu. Öll yfirstjórn er í höndum slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins eða staðgengils hans.